

Kirkjuþing 2018

5. mál – þskj. 5

## T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007  
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Eyrbakka-, Hveragerðis-, Selfoss- og Þorlákshafnarprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Árborgar-og Ölfussprestakall.

### 2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019. Sameining Þorlákshafnarprestakalls taki þó gildi þann 1. ágúst 2019.

### 3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### *Athugasemdir við tillögu þessa*

Tillaga þessi er flutt ásamt fimm öðrum tillögum á kirkjuþingi 2018 um sameiningu prestakalla víða á landinu.

Eyrbakka- og Hveragerðisprestaköll eru laus og Þorlákshafnarprestakall mun að óbreyttu losna á árinu 2019, vegna ákvæða starfsmannalaga nr. 70/1996 um starfslok embættismanna við 70 ára aldur. Verði tillaga þessi samþykkt er gert ráð fyrir að sameinuðu prestakalli verði þjónað af sóknarpresti og fjórum prestum. Sami fjöldi presta verði því á svæðinu eins og nú er, eftir sameiningu.

Ekki er gert ráð fyrir sameiningu sókna í framangreindum prestaköllum, enda almennt litið svo á að frumkvæði að því komi frá sóknarmönnum. Engin prestssetur eru í dag í prestaköllunum og þarf því ekki að taka afstöðu til þeirra mála.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal gefa safnaðarfundum (þarf ekki að vera aðalsafnaðarfundur) og héraðsfundi kost á að veita umsögn um framangreinda tillögu. Umsagnir skulu sendar biskupafundi sem fer yfir þær og býr síðan málið til kirkjuþings. Í samræmi við þetta var sóknarnefndum, sóknarprestum og prestum ásamt héraðsnefnd Suðurprófastsdæmis send til umsagnar tillaga þessi með bréfi, dags. 20. júlí 2018.

Tillögugerð þessi er hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem unnið hefur verið að. Felst í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar sem því verður við komið. Í hverju prestakalli verði sóknarprestur og prestur að lágmarki og fleiri prestar ef þurfa þykir vegna mannfjölda eða aðstæðna. Stefna þessi er í samræmi við þróun mála undanfarin ár. Má t.d. nefna í því sambandi að fjögur prestaköll á Austurlandi hafa á undanförunum árum verið sameinuð í eitt Egilsstaðaprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna kallinu, Möðruvalla- og Dalvíkurprestaköll á Norðurlandi hafa verið sameinuð í eitt prestakall, Dalvíkurprestakall, þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu og Fellaprestakall og Hólaprestakall í Reykjavík sömuleiðis sameinuð í eitt prestakall Fella- og Hólaprestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu. Um rökstuðning fyrir tillögunni er vísað til fylgiskjals nr. 1.

Íbúafjöldi sókna Eyrarbakkaprestakalls var þann 1. janúar 2018, sem hér segir:

**Eyrarbakkasókn 550**

**Gaulverjabæjarsókn 172**

**Stokkseyrarsókn 718**

**Samtals 1.440**

Íbúafjöldi sókna Hveragerðisprestakalls var þann 1. janúar 2018 sem hér segir:

**Hveragerðissókn 2.552**

**Kotstrandarsókn 357**

**Samtals 2.909**

Íbúafjöldi sókna Selfossprestakalls var þann 1. janúar 2018 sem hér segir:

**Selfossókn 7.622**

**Hraungerðissókn 178**

**Laugardælasókn 150**

**Villingaholtssókn 204**

**Samtals 8.154**

Íbúafjöldi sókna Þorlákshafnarprestakalls var þann 1. janúar 2018 sem hér segir:

**Þorláks- og Hjallasókn 1.736**

**Strandarsókn 15**

**Samtals 1.751**

**Íbúafjöldi samtals í Árborgar- og Ölfussprestakalli 14.254**

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt tillögu þessarar.

Fylgiskjöl með tillögu þessari eru:

1. Greinargerð; “Nýskipan prestakalla“
2. Yfirlit yfir laun í sameinuðum prestaköllum
3. Umsögn héraðsfundar Suðurprófastsdæmis þann 30. október 2018

# Nýskipan prestakalla

## Héraðsmódelið

### Inngangur

Biskupafundur hefur undanfarið unnið að stefnumótun um nýskipan prestakalla á landsvísu. Helstu áhersluatriði eru sem hér segir:

Óbreyttur fjöldi presta í nýjum stækkuðum prestaköllum.

Sóknaskipan óbreytt.

Héraðsmódelið svokallaða er fyrirmyndin, en hún er byggð á samvinnu presta og sérstakri ábyrgð hvers og eins á ákveðnum sóknum í prestakallinu og ábyrgð hvers og eins í ákveðnum málaflokkum. Nafngift þessi á rætur að rekja til sameiningar fjögurra prestakalla á Héraði á Austurlandi.

Meginreglan verði sú að í hverju prestakalli séu starfandi að lágmarki þrír prestar. Frá því geta þó verið frávik þar sem aðstæður eru breytilegar eftir prestaköllum. Þannig verða um sinn einhver prestaköll áfram einmenningsprestaköll eða sóknarprestur og einn prestur þjóna sama kallinu.

Kostir stærri prestakalla eru

- a) betri og fjölbreytilegri þjónusta fyrir sóknarbörn, sem fá aðgang að fleiri prestum
- b) meiri sérhæfing prestsþjónustunnar
- c) betra starfsumhverfi prestanna með jöfnun þjónustubyrði
- d) betri nýting fjármuna og annarra auðlinda

Skipan prestakalla þjóðkirkjunnar og stærð þeirra hefur áhrif á samstarf presta og þjónustu við sóknarbörn. Með stækkun prestakalla hyggst þjóðkirkjan ná enn frekar því meginmarkmiði sínu að efla boðun fagnaðarerindisins í orði og verki.

Með stækkun prestakalla munu flest einmenningsprestaköll heyra sögunni til. Samstarf presta mun eflast og möguleikar sóknarbarna á bættari og sérhæfðari þjónustu í hverju prestakalli munu aukast.

Kirkjuþing 2010 samþykkti megináherslur sem fram voru settar í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Kirkjuþing 2010 samþykkti þá framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felast í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Þar er lagt upp með að inntak þjónustunnar, umgjörð og skipulag skuli hverfast um eftirfarandi fimm þætti: 1. Helgihald 2. Boðun og fræðslu 3. Kærleiksþjónustu, 4. Sálgæslu og hjálparstarf, 5. Menningu og listir, staðbundna þjónustu og nýjar leiðir.

Um þjónustubyrði á hvern prest skal líta til eftirtalinna atriða:

- Í kirkjujarðasamkomulaginu frá 10. janúar 1997 (60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997) er mannfjöldaviðmið sett varðandi fjölgun eða fækkun prestsembætta, þar er miðað við 5000 manns. Þ.e.a.s. fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5000 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir frá í samkomulaginu, hið sama á við um frekari fjölgun. Fækki þjóðkirkjumönnum um 5000 fækkar embættum um 1, hið sama á við um frekari fækkun.
- Í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar frá 2009 er fjallað um ákvæði um messuskyldu. Þar er sett viðmið um fjölda sóknarbarna, 2000 talsins, þar sem haldin skuli almenn guðsþjónusta hvern helgan dag ársins. Séu sóknarbörn frá 750-2000 skuli að lágmarki haldin almenn guðsþjónusta annan hvern sunnudag, auk stórhátíða.

Hið opinbera miðar við 5000 manns, varðandi fjölgun eða fækkun embætta um eitt. Þar er því samhengi á milli 5000 sóknarbarna og eins embættis. Í samþykktunum um innri málefni þjóðkirkjunnar er lagt upp með annað viðmið er snýr að sóknarbörnum og því hve oft skal efna til almennrar guðsþjónustu. Þar er miðað við 2000 sóknarbörn.

Þessar tölur veita því ákveðnar mælistikur þegar leggja skal upp þjónustubyrði á hvern prest, þ.e.a.s. varðandi mannfjölda. Má því ætla að einn prestur skuli að lágmarki þjóna 2000 manns. Fleiri atriði skal jafnframt taka til skoðunar við skipun prestakalla og ákvörðun á þjónustubyrði, svo sem fjölda sókna innan prestakalls, hvernig samgöngum er háttað og færð á vegum, sérstaða helgistaða og annað.

Tillögurnar nú um stækkun prestakalla byggjast á ofangreindum samþykktum kirkjuþings og samþykktum um innri málefni kirkjunnar. Eftir sem áður er sóknin grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað, sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining. Með þessum tillögum eru ekki lagðar til neinar breytingar á sóknarskipan.

Sóknarprestur og prestar eru samstarfsmenn í sóknum prestakalls og ber að haga þjónustu sinni og samstarfi í samræmi við það. Báðir lúta þeir tilsjón prófests og biskups. Samstarf sóknarprests og presta byggist á starfsreglum, lögum og siðareglum. Prófastur annast um skiptingu starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli og sér til þess að samið sé um það skriflega.

Gert er að jafnaði ráð fyrir að gildistaka sameiningar geti átt sér stað við starfslok hlutaðeigandi presta eða við lok fimm ára skipunartíma. Frá þessu kunna þó að geta orðið frávik ef aðstæður útheimta slíkt.

Breytingar til framtíðar á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr. *Suðurprófastsdæmi*
  - a. Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestaköll sameinast í eitt prestakall, Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestakall, þar sem sóknarprestur og prestur þjóna. Prestssetur verði á Kirkjubæjarklaustri og í Vík. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.
  - b. Breiðabólstaðar-, Fellsmúla- og Oddaprestaköll sameinast í Breiðabólstaðar- og Oddaprestakall þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. Prestssetur verði á Breiðabólstað og í Odda. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c. Eyrarbakka-, Hveragerðis, Selfoss- og Þorlákshafnarprestaköll sameinist í eitt prestakall, Árborgar- og Ölfussprestakall, þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna.

d. Hruna- og Skálholtsprestaköll sameinist í eitt prestakall, Hruna- og Skálholtsprestakall þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. Prestssetur verði í Skálholti og í Hruna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

2. gr. *Kjalarnesprófastsdæmi*

c. Grindavíkur-, Njarðvíkur-, Keflavíkur- og Útskálaprestaköll sameinast í eitt prestakall, Reykjanesprestakall, þar sem sóknarprestur og fimm prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c. Hafnarfjarðar-, Víðistaða- og Tjarnaprestaköll sameinast í eitt prestakall, Hafnarfjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

3. gr. *Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

a. Bústaða- og Grensásprestaköll sameinast í eitt prestakall, Fossvogsprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

b. Ás-, Langholts- og Laugarnesprestaköll sameinast í eitt prestakall, Laugardalsprestakall, þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c. Dómkirkju-, Hallgríms- og Háteigsprestaköll sameinast í eitt prestakall, Miðborgarprestakall, þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

4. gr. *Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

a. Digranes-, Hjalla-, Kársnes- og Lindaprestaköll sameinast í eitt prestakall, Kópavogsprestakall, þar sem sóknarprestur og sjö prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

b. Breiðholts-, Fella- og Hóla- og Seljaprestaköll sameinast í eitt prestakall, Breiðholtsprestakall, þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c. Árbæjar-, Grafarholts- og Grafarvogsprestaköll sameinast í eitt prestakall, Árbæjar- og Grafarprestakall, sem sóknarprestur og sjö prestar þjóna. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

5. gr. *Vesturlandsprófastsdæmi*

a. Garða- og Saurbæjarprestaköll sameinast í eitt prestakall, Hvalfjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. Prestssetur verði í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

b. Borgar-, Hvanneyrar-, Reykhólts- og Stafholtsprestaköll sameinast í eitt prestakall, Borgarfjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og þrjú prestar þjóna. Prestssetur verði

á Borg, í Reykholti og Stafholti. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c. Ólafsvíkur- og Ingjaldshóls-, Setbergs-, Staðastaðar- og Stykkishólmsprestaköll sameinast í eitt prestakall, Snæfellsnesprestakall, þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna. Syðstu sóknir Staðarstaðarprestakalls fari undir Borg. Prestssetur verði í Ólafsvík, á Grundarfirði, Staðastað og í Stykkishólmi. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

#### 6. gr. Vestfjarðaprófastsdæmi

a. Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll sameinist í eitt prestakall, Breiðafjarðar- og Strandaprestakall, þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. Prestssetur verði á Hólmavík og Reykhólum.

b. Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll sameinist í eitt prestakall, Vestfjarðaprestakall, þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna. Prestssetur verði í Bolungarvík, Holti og á Þingeyri. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

#### 7. gr. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

a) Melstaðar-, Hvammstanga-, Skagastrandar- og Þingeyrarklaustursprestaköll sameinist í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall, þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna. Prestssetur verði á Melstað, Hvammstanga og Skagaströnd. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

b) Glaumbæjar-, Hofsós- og Hóla-, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestaköll sameinist í eitt prestakall, Skagafjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og þrír prestar þjóna. Prestssetur verði í Glaumbæ, á Hofsósi og á Miklabæ. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

#### 8. gr. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

a) Akureyrar- og Laugalandsprestaköll sameinist í eitt prestakall, Eyjafjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. Prestssetur verði á Syðra- Laugalandi.

b) Ólafsfjarðar- og Siglufjarðarprestaköll sameinist í eitt prestakall, Fjallabyggðarprestakall, þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. Prestssetur verði á Ólafsfirði og Siglufirði. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

b) Húsavíkur-, Grenjaðarstaða- og Skútustaðaprestaköll sameinist í eitt prestakall, Þingeyjarprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna. Prestssetur verði á Grenjaðarstað og Skútustöðum. Tillagan er ekki á dagskrá kirkjuþings 2018 og verður rædd nánar við hlutaðeigandi.

c) Skinnastaðar- og Langanesprestaköll sameinist í eitt prestakall, Skinnastaðar- og Langanesprestakall, þar sem sóknarprestur og einn prestur þjóna. Prestssetur verði á Skinnastað og Þórshöfn.

#### 9. gr. Austurlandsprófastsdæmi

a) Djúpavogs-, Heydala-, Kolfreyjustaðar-, Eskifjarðar- og Norðfjarðarprestaköll sameinist í eitt prestakall Austfjarðaprestakall, þar sem sóknarprestur og fjórir prestar þjóna. Prestssetur verði á Djúpavogi, í Heydölum og á Fáskrúðsfirði.

Þau prestaköll sem ekki er getið um í ofangreindum tillögum breytast ekki.